

Ed.

556. Frumvarp

til fátækralaga.

(Eftir 2. umr. i Ed.).

Samhljóða þskj. 106 með þessum breytingum:

7. gr. hljóðar svo:

Framfærslumaður á rjett á að taka framfærsluþurfa frændur sína, þá er honum er skylt fram að færa, heim til sín og ala þar önn fyrir þeim, ef hann fer vel með þá. Móðir óskilgetins barns hefir jafnan rjett og foreldri skilgetins barns til að hafa barn sitt hjá sjer, eða ráða verustað þess.

Ef framfærsluþurfi er giftur og framfærslumaður eigi skyldur að framfæra hitt hjóna, þá skal framfærslumanni skylt að greiða meðlagið af hendi, nema hann kjósi heldur að taka bæði hjónin á heimili sitt. Nú á þurfamaður tvo eða fleiri jafnnána framfærslumenn, er eigi kemur saman um, hver þeirra skuli taka hann heim til sín og hver gjalda meðlag, og skal þá yfirvald, þar er þurfalingur á lögheimili eða er staddur, skera úr.

10. gr. hljóðar svo:

Ef hjú sýkist eða slasast, og er um að kenna ótilhlýðilegri breytnei húsbónða þess, hvort heldur af því að hann hefir skipað hjúinu þau verk, er hann mátti sjá, að því voru um megn, eða og óvanalegan starfa þann, er

einhverjum sjerstökum háska er bundinn, eða af hverri annari orsök, er húsbónda verður gefin sök á, þá skal hann kosta lækning hjúsins.

11. gr. hljóðar svo:

Nú sýkist hjú eða slasast, og er hvorki um að kenna ótilhlýðilegri breytni þess sjálfs eða húsbónda þess, og greiðir það þá sjálf kostnað þann, er leiðir af lækning þess og sjerstakri hjúkrun, en húsbónda þess er skylt að fæða það ókeypis — einnig þótt fæðið verði að vera sjerstakt sjúkrafæði — í alt að 3 mánuði þritugnætta, þó ekki lengur en út vistráðningartímann.

Ef hjú sýkist eða slasast í fjarlægð frá heimili sínu, án þess sjálfu því eða húsbónda þess verði um kent, og verður að liggja sjúkt utan heimilis síns, þá skal húsbóndi þess greiða legukostnað fyrir það í alt að 3 mánuði þritugnætta, þó ekki lengur en út vistráðningartímann og ekki yfir 2 kr. um hvern sólarhring.

Sama er og þegar hjúi er komið burt af heimili sínu til lækninga eftir læknisráði, hvort heldur í sjúkrahús eða annað, enda sje hvorki því nje húsbónda þess um leguna að kenna.

21. gr. hljóðar svo:

Eftir 16 ára aldur vinnur hver sá, sem hefir íslenskan ríkisborgararétt, sjer framfærslurjett í þeirri sveit, þar sem hann hefir dvalist í 4 ár samfleytt búandi, vistfastur eða haft löglegt heimilisfang, enda hafi hann ekki þegið endurkræfan eða óendurkræfan sveitarstyrk á síðustu 10 árum.

36. gr. hljóðar svo:

Nú geta foreldrar ekki staðið straum af börnum sínum yngri en 16 ára, og má þá fátækrastrjórnin taka þau frá foreldrum þeirra og koma fyrir á góðum heimilum hjá siðsömum og ráðdeildarsömum húsbændum. Þó þarf fátækrastrjórn leyfi foreldra til þess að taka börnin frá þeim, nema heimilislíf foreldranna megi teljast siðspillandi fyrir börnin eða þar fari illa um þau.

Engu síður skal kosta kapps um að velja góð heimili handa munaðarlausum sveitarbörnum.

Ekki má fátækrastrjórn skilja hjón samvistum nema með leyfi þeirra.

43. gr. hljóðar svo:

Skylt er sveitarstjórn, er hún veitir styrk úr sveitarsjóði, að kveða svo á, að styrkurinn skuli ekki afturkræfur af styrkþega, ef hún telur það sanngjarnt vegna elli þiggjanda, ómegðar hans, veikinda hans eða þeirra, sem hann hefir á skylduframfæri, eða vegna annara óhappa hans. Eigi styrkþegi ekki framfærslusveit þar, sem hann fær styrkinn, má þó sveitarstjórn dvalarsveitar ekki ákveða, að styrkurinn skuli teljast óafturkræfur, nema sveitarstjórn framfærslusveitar samþykki.

Ákvæðum 1. málsgr. má einnig beita um sveitarstyrk, sem veittur hefir verið 2 síðustu árin áður en lög þessi öðlast gildi, ef styrkþegi óskar.

Ákvörðunum sveitarstjórnar eftir 1. og 2. málsgr. getur styrkþegi eða

sveitarstjórnarmaður innan mánaðar skotið til sýslumanns í sveitum, en til atvinnumálaráðherra í kaupstöðum.

Heimilt er sveitarstjórn að gefa upp þeginn sveitarstyrk, ef 2 ár eru liðin frá því, er þurfaðurinn þáði af sveit.

Styrkur, sem veittur er styrkþega, sem er fullra 60 ára að aldri, telst ekki sem sveitarstyrkur.

45. gr. hljóðar svo:

Þegar þeginn sveitarstyrkur er færður inn í sveitarbókina og meiri hluti hreppsnefndar og styrkþegi, ef hann er innsveitismaður, hafa skrifað undir innfærsluna, að hún sje rjett tilfærð, er bókin sönnun fyrir skuldinni. Sveitarstjórn getur beiðst lögtaks á skuldum eftir fyrirmælum laga 16. des. 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Lögtaksbeiðnin er gild, þótt siðar komi fram en fyrir er mælt í 2. gr. hinna nefndu laga.

47. gr. hljóðar svo:

Sannist það fyrir ráðherra, að sá, er þiggur eða þegið hefir sveitarstyrk, sem enn er eigi endurgoldinn eða eftirgefinn, fari ráðlauslega með efni þau, er hann hefir undir höndum, skal ráðherra, eftir beiðni sveitarstjórnar og tillögum lögreglustjóra, svifta hann fjárráðum með úrskurði og selja honum fjárráðamann. Fjárráðamaður skal þegar í stað sjá um, að úrskurður þessi verði birtur á varnarþingi þess, sem fjárráðum er sviftur.

Sannist það með vottorði frá sveitarstjórninni, að sveitarstyrkurinn sje endurgoldinn, skal ráðherra nema úrskurðinn úr gildi, ef sá beiðist, er fjárráðum er sviftur.

Fyrir þinglýsingar þær og aflýsingar, er koma fyrir samkvæmt þessari grein og næstu grein á undan, skal ekkert gjald greiða.

48. gr. hljóðar svo:

Sá, sem þiggur af sveit og er þó vinnufær, er skyldur að fara í hverja þá viðunanlega vist og vinna hverja venjulega vinnu, sem sveitarstjórnin ákveður og honum er ekki um megn, meðan hann er ekki fær um án sveitarstyrks að framfleyta sjer og þeim, er hann á fram að færa að lögum. Ákvæði sveitarstjórnar er hann skyldur til að hlýða fyrst um sinn, enda þótt hann vilji ekki karnast við, að vist sú eða vinna sje viðunanleg, er honum var boðin, en málið getur hann jafnframt kært fyrir lögreglustjóra, er sker úr því, eftir að hafa fengið umsögn sveitarstjórnarinnar og leitað álits tveggja óvilhallra manna.

Á sama hátt getur framfærsluveit barnsföður látið hann vinna af sjer barnsfulgu þá, er hún hefir orðið að borga, hafi hann ekki fyrir konu og börnum að sjá, eða látið hann afplána fúlguna í fangelsi við venjulegt fanga-
viðurværi og við skylduvinnu, og ákveður hlutadeigandi lögreglustjóri með úrskurði, hve lengi fangelsisvistin skuli standa, þó svo, að í stað hverra 200 kr. komi aldrei meira en 20 daga fangelsi.

Arður af vinnu fangans fellur til framfærslusveitar, enda greiði hún kostnað allan af fangelsisvistinni.

Nú hefir framfærslusveit ekki fengið meðlag greitt fyrir þá sök, að ókunnugt hefir verið um dvalarstað greiðanda eða hann hefir komist undan lagaðförum, og er þá þeirri sveit, sem ekki hefir fengið styrk sinn endurgoldinn, heimilt, er greiðandi kemur síðar fram, að ganga að honum að lögum að því er meðlagið snertir.

50. gr. hljóðar svo:

Nú vill maður flytj af landi burt, en hefir vandamenn, sem ekki eru sjálfbjarga og honum ber fram að færa að lögum, og skal hann þá, áður en hann byrjar ferð sína, ef sveitarstjórnin í framfærsluhreppi þeirra eða barnsmóðir heimtar, skyldur að setja viðunanlega tryggingu fyrir því, að vandamenn hans, er eftir verða, verði eigi sveitarfjelinu til þyngsla að minsta kosti um næstu 3 ár, nema veikindi eða önnur ófyrirsjáanleg óhöpp valdi, enda banni lögreglustjóri utanförina, nema þessum skilyrðum sje fullnægt.

55. gr. hljóðar svo:

Nú er sveitarstyrkur veittur þurfamanni samkvæmt 52. gr., og skal þá fátækrastrjórnin, áður en hálfur mánuður er liðinn frá styrkveitingunni, senda yfirvaldi sinu áskorun um að útvega svo fljótt sem við verður komið viðurkenning fyrir sveitfesti þurfamanns, eða sönnun fyrir, hvar hann sje sveitlægur, svo framarlega sem þetta er eigi þegar fullvist. Þá skal sveitarstjórnin og krefjast þess, að styrkurinn sje endurgoldinn af framfærslusveitinni. Jafnframt skal send skýrsla sú, er um er rætt í 53. gr. Vanræki sveitarstjórnin að gera það, sem fyrir er mælt í grein þessari, missir sveitarsjóður rjett til endurgjalds á hinum veitta sveitarstyrk.

66. gr. hljóðar svo:

Ef þurfalingur fer eftir læknisráði í sjúkrahús, annað en holdsveikraspítala eða geðveikrahæli, þá greiðir framfærslusveit hans $\frac{2}{3}$ hluta meðlagskostnaðarins, þar með talin lyf og læknishjálp, þó aldrei yfir 400 kr. á ári. Að öðru leyti greiðist kostnaðurinn úr rikissjóði, en aldrei nema fyrir 4 sjúklinga á ári úr sama sveitar- eða bæjarfjlagi. Um berklaveika sjúklinga fer eftir því, sem ákveðið er í lögum um varnir gegn berklaveiki, að svo miklu leyti sem þau lög koma í bága við þessa grein.

Rikissjóðsstyrkur, sem veittur er samkvæmt þessari grein, er ekki afturkræfur hjá styrkþega.

67. gr. hljóðar svo:

Nú er manni, sem á framfærslusveit hjer á landi, veittur sveitarstyrkur erlendis, og er þá framfærslusveit hans skylt að endurgjalda þann styrk alt að 400 kr. um árið, þó ekki yfir $\frac{2}{3}$ hluta styrksins. Það, sem fram yfir er, greiðist úr rikissjóði. Sömu leiðis greiðist úr rikissjóði allur kostnaður við flutning þess þurfamanns og skylduliðs hans frá útlöndum alla leið til fram-

færsluhreppsins, ef til slíks flutnings kemur og kostnaðurinn við hann fæst ekki á annan hátt endurgoldinn.

Ríkissjóðsstyrkur, sem veittur er samkvæmt þessari grein, er ekki afturkræfur.